

Ársskýrsla Kvenréttindafélags Íslands 2021

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir starfsárið	2
Starfsfólk Kvenréttindafélags Íslands	3
Nefndir og ráð	3
Menningar- og minningarsjóður kvenna	4
Viðburðir	4
Útgáfa, skýrslur, greinar og yfirlýsingar	9
Samstarf við mannréttindasamtök og femínísku hreyfinguna á innlendum vettvangi	14
Samstarf við femínískar hreyfingar erlendis	15
International Alliance of Women	15
European Women's Lobby	15
Norrænt samstarf	16
Annað erlent samstarf	16
Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi	18
Stafræn jafnréttisbarátta	19
Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands	20

Yfirlit yfir starfsárið

Hallveigarstaðir, Reykjavík, 13. apríl 2022

Kvenréttindafélag Íslands hélt áfram að dafna á árinu 2021. Heimsfaraldur COVID-19 geisaði á árinu, en reynslan sem félagið aflaði sér 2020 kom að góðum notum. Fundir og viðburðir voru í öllum tilvikum rafrænir, sumir eingöngu haldnir á netinu og aðrir haldnir í blönduðu formi.

Mikill hugur var í Kvenréttindafélaginu að halda Kynjaþing á stað, en þingið var eingöngu haldið á netinu 2020. Tekin var á leigu Veröld, hús Vigdísar, laugardaginn 13. nóvember, og leitað til Exton til að sjá um tækniþjónustu, svo að streymt yrði af öllum fundum á þinginu. Aflýsa þurfti þinginu með aðeins dags fyrirvara, í ljósi hertra sóttvarnatakmarkana frá Landlækni. Kynjaþing er mikilvægur hluti af starfi Kvenréttindafélags Íslands, tækifæri fyrir félagið til að stuðla að samstarfi milli ólíkra aðila sem starfa að kynjajafnréttismálum og vettvangur sem tryggir það að félagið sé ávallt upplýst um nýjustu hugmyndir innan femínísku hreyfingarinnar. Kynjaþing hefur verið aftur boðað 28. maí 2022.

Erlent samstarf Kvenréttindafélagsins blómstraði á árinu. Kvenréttindafélagið er sterkur málsvari jafnréttis í víðum skilningi á alþjóðavettvangi. Sterk undiralda er innan femínísku hreyfingarinnar í Evrópu að útiloka trans fólk, og talaði Kvenréttindafélagið gegn þeim tilburðum við hvert tækifæri og hafði frumkvæði að aðgerðum til að styrkja stöðu trans fólks innan femínísku hreyfingarinnar á alþjóðavísu.

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands var haldinn 30. apríl 2021. Fundurinn var rafrænn og haldinn í fjarfundarkerfinu Zoom. Á fundinum var var Tatjana Latinovic endurkjörin formaður Kvenréttindafélags Íslands og tvær nýjar stjórnarkonur kjörnar í stjórn félagsins, Lára Aðalsteinsdóttir og María Hjarðar. Þakkar félagið fráfarandi stjórnarkonum Bergljótu Tulinius Gunnlaugsdóttur og Dóru Magnúsdóttur fyrir störf sín í þágu félagsins.

Í stjórn Kvenréttindafélags Íslands sitja nú Tatjana Latinovic formaður, Ellen Calmon, Helga Dögg Björgvinsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Rut Einarsdóttir, Sólveig Jónasdóttir og Stefanía Sigurðardóttir. Eva Huld Ívarsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir og María Hjarðar eru varafultrúar í stjórn.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórn með sér störfum og gegnir Helga Dögg Björgvinsdóttir áfram stöðu varaformanns Kvenréttindafélags Íslands, Ellen Calmon gegnir áfram stöðu ritara og Hildur Helga Gísladóttir áfram stöðu gjaldkera. Stjórn setti sér á árinu starfsreglur, sem gerðar eru opinberar á vefsíðu félagsins.

Haustið 2020 sótti Trans Ísland um aðild að Kvenréttindafélagi Íslands og var umsókn þeirra samþykkt af stjórn félagsins. Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands 2021 staðfesti samhljóða aðild Trans Íslands að Kvenréttindafélagi Íslands. Trans Ísland eru stuðnings- og baráttusamtök fyrir trans fólk á Íslandi og bætist í hóp annarra aðildarfélaganna Kvenréttindafélagsins: Druslubækur og doðrantar, Femínísk fjármál, Fjöruverðlaunin, Rótin, Samtök um kvennaathvarf og W.O.M.E.N. in Iceland.

Kvenréttindafélag Íslands og forsætisráðuneytið endurnýjuðu á árinu samstarfssamning þess efnis að félagið sinni fræðslu og upplýsingagjöf um jafnrétti kynjanna á innlendum og erlendum vettvangi. Gildistími samningsins var lengdur úr einu ári í þrjú ár, og er 8. febrúar 2021 til 8. febrúar 2024. Ljóst er að stuðningur stjórnvalda er nauðsynlegur til að tryggja öflugt starf Kvenréttindafélags Íslands en félaginu hefur ekki tekist að fjármagna starf starfsmanns í fullu starfshlutfalli með félagsgjöldum og tilfallandi styrkjum.

Kvenréttindafélag Íslands býr svo vel að reka Kvennaheimilið Hallveigarstaði í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík og Kvenfélagasamband Íslands. Ekki er fullt aðgengi að samkomusal Hallveigarstaða en stólalyfta sem tekur 225 kíló liggur niður í salinn. Kvenréttindafélag Íslands hefur ekki staðið fyrir viðburðum eitt og sér í sal Hallveigarstaða í einhver ár, þar sem skert aðgengi er að salnum. Tala fulltrúar félagsins markvisst fyrir því að fullt aðgengi að Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum sé tryggt.

Á árinu fagnaði Kvenréttindafélagið tíu ára starfsafmæli framkvæmdastýru, Brynhildar Heiðar- og Ómarsdóttur, sem tók til starfa hjá Kvenréttindafélaginu 1. nóvember 2011, þá í hálfu starfi. Á þeim áratug sem liðinn er síðan, hefur framkvæmdastýra, í samstarfi við ótal margt gott fólk og góðar konur, endurlífgað starfsemi Kvenréttindafélags Íslands, eftt rödd þess á almannavettvangi og tryggt undirstöðurnar fyrir framtíðarstarfsemi þess.

Starfsfólk Kvenréttindafélags Íslands

Rut Einarsdóttir tók við starfi sem framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands 1. mars 2022, og er hún í fullu starfi.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastýru félagsins síðan í nóvember 2011, hóf störf á nýjum vettvangi 1. mars 2022, en starfar enn sem sérlegur ráðgjafi Kvenréttindafélags Íslands, í 20% starfshlutfalli.

Birna Stefánsdóttir starfaði hjá félaginu sem starfsnemi sumarið og haustið 2021, og vann rannsókn á kynjaðri orðræðu í aðdraganda Alþingiskosninga 2021. Starf hennar var mestmegnis styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Nefndir og ráð

Kvenréttindafélag Íslands á fulltrúa í ýmsum nefndum og ráðum. Árið 2021 sat Tatjana Latinovic í stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða. Stjórnin öll er fulltrúi félagsins í International Alliance of Women (IAW) og Feministiskt Nätverk Norden. Hildur Helga Gísladóttir var fulltrúi félagsins í Almannaheill – Regnhlífarsamtökum frjálsra félagasamtaka og séreignarstofnana í almannabágu. Tatjana Latinovic og Helga Dögg Björgvinsdóttir voru fulltrúar stjórnar Kvenréttindafélagsins í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna. Rut Einarsdóttir var fulltrúi félagsins í Mannréttindaskrifstofu Íslands og gegnir hún embætti varamanns framkvæmdastjórn skrifstofunnar, og er varamaður hennar Guðrún C. Emilsdóttir. Ellen Calmon er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í stjórn European Women's Lobby og varamaður hennar er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Menningar- og minningarsjóður kvenna

Stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna (MMK) var kosin á aðalfundi Kvenréttindafélagsins 30. apríl 2021. Formaður Menningar- og minningarsjóðs kvenna er Kristín Ástgeirsdóttir. Aðrar í stjórn eru: Kristín Jónsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Sabine Leskopf og Tatjana Latinovic (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu). Varamenn eru Barbara Kristvinsson, Helga Dögg Björgvinsdóttir (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu), Helga Einarsdóttir, Magnea Ingvarsdóttir og Rakel Adolphsdóttir.

Stjórn MMK vann á árinu drög að nýjum og endurbættum samþykktum sjóðsins, en þeirri vinnu er þó enn ólokið. Engir styrkir voru veittir árið 2021.

Viðburðir

Árið 2021 stóð Kvenréttindafélag Íslands að 20 viðburðum, bæði eitt og í samvinnu við önnur félög, og héldu fulltrúar félagsins erindi eða tók þátt í 13 viðburðum sem skipulagðir voru af öðrum aðilum.

Kvenréttindafélag Íslands stendur aðeins að viðburðum sem haldnir eru í húsnæði aðgengilegt öllum.

Konur í kafi: kynjajafnrétti á tímum heimsfaraldurs. 8. mars 2021

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna buðu Kvenréttindafélag Íslands ásamt ASÍ, BHM, BSRB og Kennarasamband Íslands til rafræns hádegisfundar. Erindi héldu Andrea Sigrún Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, Sandra B. Franks, Donata Honkowicz-Bukowska. Drífa Snædal stýrði fundi.

Baráttufundur gegn kynferðisofbeldi, 8. mars 2021

13 kvenna- og jafnréttissamtök boðuðu til fundar á baráttudegi kvenna 2021, Aflið, Druslugangan, Femínistafélag Háskóla Íslands, Flóra, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvannahreyfing ÖBÍ, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Rótin, Stígamót, W.O.M.E.N. og UN Women.

Transfeminism and the Women's Movement, 18. mars 2021

Pallborðsumræður á CSW 2021 um mikilvægi femínískrar samstöðu með hinsegin fólki og baráttumálum þeirra. Í pallborði sátu Marion Böker varaforseti International Alliance of Women (IAW) og formaður alþjóðanefndar Kvenréttindafélags Þýskalands (Deutscher Frauenring); Mridul Wadhwa framkvæmdastýra Forth Valley Rape Crisis Centre í Skotlandi; Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands; og Uglya Stefanía formaður Trans Ísland. Alex Elliott stýrði umræðum. Upptaka sett á Youtube í lok fundar.

Konur og öryggi: Lyklar, piparsprey og tónlist í öðru eyranu, 7. maí 2021

Tatjana Latinovic tók þátt í spjallfundi Viðreisnar sem streymt var á Facebook, þar sem Geir Finnsson formaður innanríkisnefndar Viðreisnar ræddi við Tatjönu um öryggi kvenna í daglegu lífi, ásamt Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur þingkonu og Sólborgu Guðbrandsdóttur tónlistarkonu, aktívista og höfund bókarinnar *Fávitar*.

Áskoranir í COVID-19 faraldrinum, 25. maí 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi á pallborði Mannréttindaskrifstofu Íslands um áskoranir í mannréttindarmálum á tímum heimsfaraldurs. Í pallborði sátu með henni Grímur Atlason frá Landsamtökunum Geðhjálp og Daníel E. Arnarsson frá Samtökunum '78. Margrét Steinarsdóttir stýrði umræðum. Varpað á Facebook Live og Zoom.

NOW – New Opportunities for Women, júní – júlí 2021

Fríða Rós Valdimarsdóttir kenndi rafrænt námskeið sem ætlað var konum af erlendum uppruna, í jafningjafræðslu. Námskeiðið var rafrænt, fjögur kvöld í júní og júlí 2021, og var hluti af evrópska samstarfsverkefninu NOW – New Opportunities for Women.

#MeToo and the Workplace, 7. júní 2021

Fríða Rós Valdimarsdóttir hélt rafrænan fræðslufund um kynferðislega áreitni á vinnumarkaði, einn af fimm fræðslufundum sem haldinn var á vegum samstarfsverkefni Kvenréttindafélagsins og CESI *Workingwoman – Gender Equality in the Labor Market* sem styrkt er af Active Citizen Fund í Króatíu. Upptaka sett á Youtube í lok fundar.

Certifying Equality: The Equal Pay Standard, 7. júní 2021

Marianna Traustadóttir hélt rafrænan fræðslufund um jafnlaunastaðalinn, einn af fimm fræðslufundum sem haldinn var á vegum samstarfsverkefni Kvenréttindafélagsins og CESI *Workingwoman – Gender Equality in the Labor Market* sem styrkt er af Active Citizen Fund í Króatíu. Upptaka sett á Youtube í lok fundar.

Iceland's Economic Response to COVID-19: A Feminist Critique, 9. júní 2021

Fulltrúar frá Femínískum fjármálum héldu rafrænan fræðslufund um kynjuð viðbrögð við heimsfaraldri COVID-19, einn af fimm fræðslufundum sem haldinn var á vegum samstarfsverkefni Kvenréttindafélagsins og CESI *Workingwoman – Gender Equality in the Labor Market* sem styrkt er af Active Citizen Fund í Króatíu. Upptaka sett á Youtube í lok fundar.

History of the Feminist Movement in Iceland, 9. júní 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt rafrænan fræðslufund um sögu kvennabaráttunnar og femínísku hreyfingarinnar á Íslandi, einn af fimm fræðslufundum sem haldinn var á vegum samstarfsverkefni Kvenréttindafélagsins og CESI *Workingwoman – Gender Equality in the Labor Market* sem styrkt er af Active Citizen Fund í Króatíu. Upptaka sett á Youtube í lok fundar.

Íslandski feminizam, nekad, sad i u budućnosti / The Icelandic Feminist Movement: past, present and the future (discussion in Croatian), 11. júní 2021

Tatjana Latinovic hélt rafrænan fræðslufund um kynjajafnrétti á Íslandi, einn af fimm fræðslufundum sem haldinn var á vegum samstarfsverkefni Kvenréttindafélagsins og CESI *Workingwoman – Gender Equality in the Labor Market* sem styrkt er af Active Citizen Fund í Króatíu. Upptaka sett á Youtube í lok fundar.

Leading Gender Equality, 19 . júní 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi á bresku ráðstefnunni Leading Gender Equality sem skipulögð var af Evolve Global Solutions Ltd í Bretlandi og haldin á Zoom, og ræddi um þátt femínísku hreyfingarinnar í að ná fram kynjajafnrétti og kynnti íslenskar lausnir í jafnréttismálum.

Pallborð um kyn, völd og klæðnað, 26 . júní 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum um kyn, völd og klæðnað ásamt Hye Joung Park frá W.O.M.E.N. in Iceland og Daníel Arnarsyni frá Samtökunum '78, sem skipulagðar voru af Sólheimum. Dóra Svavarsdóttir stýrði spjalli.

Pay Equity and the Living Wage, 28 . júní 2021

Tatjana Latinovic flutti erindi um íslenskar lausnir í jafnréttismálum, á ráðstefnu Berkeley Center on Comparative Equality and Anti-Discrimination Law at Berkeley Law School og Workers' Rights Institute at Georgetown Law School.

Kynslóð jafnréttis, 1. júlí 2021

Kvenréttindafélagið, UN Women á Íslandi, Ungar athafnakonur, Landssamband ungmennafélaga og Stígamót héldu málstofu um átaksverkefni UN Women Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum). Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Graham Paul sendiherra Frakklands á Íslandi ávörpuðu gesti, erindi héldu Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislöggreglustjóri, Guðrún Þorbjörnsdóttir fulltrúi utanríkisráðuneytisins í stýrihópi um þátttöku íslenskra stjórnvalda í Kynslóð jafnréttis, Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir talskona Stígamóta og Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði kynjajafnréttis. Fanney Birna Jónsdóttir stýrði pallborði þar sem sátu Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, Þorsteinn V. Einarsson og Drífa Jónasdóttir. Stella Samúelsdóttir framkvæmdastýra UN Women á Íslandi opnaði fundinn og Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands lokaði fundi.

Gender Equity in Public Life, 11. ágúst 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands tók þátt í pallborðsumræðum um kynjajafnrétti og jafnréttislög, á ráðstefnu Gender Equity Victoria, kynjajafnréttisstofu Victoria fylkis í Ástralíu.

Fundur með kynjafræðikennurum, 2. september 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir ávarpaði fræðslufund Félags kynjafræðikennara á Hallveigarstöðum.

Hennar rödd, 2. september 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði pallborði á Hennar rödd, ráðstefnu um heilsu kvenna af erlendum uppruna.

Mannréttindaping, 4. september 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands tók þátt í pallborðsumræðum á Mannréttindapingi sem Mannréttindaskrifstofa Íslands stóð fyrir á Fundi fólksins.

Rauða spjaldið: Kynjamisrétti og ofbeldi í íþróttahreyfingunni, 4. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands hélt til umræðufund um kynjamisrétti og ofbeldi í íþróttahreyfingunni, á Fundi fólksins. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kynjafræðikennari, Ólöf Tara Harðardóttir aktivisti, Birta Björnsdóttir verkefnastjóri jafnréttis- og ofbeldismála hjá ÍBR, Margrét Lilja Guðmundsdóttir kennari við íþróttafraeðideild HR og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar og fulltrúi í stjórn ÍSÍ ræddu málin. Fríða Rós Valdimarsdóttir stýrði umræðum.

Aðgerðir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, 14. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands, Samtök um kvennaathvarf og femínísk fjármál héldu rafrænan fund með fulltrúum stjórnmalaflokka í framboði til Alþingis 2021, þar sem þau voru spurð hvaða aðgerðir flokkar þeirra ætluðu að standa fyrir til að uppræta kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni og til að uppræta ofbeldi í nánnum samböndum. Upptaka á fundinum er aðgengileg á Youtube.

Jafnrétti fyrir sum eða jafnrétti fyrir öll? Aðgerðir gegn útilokun og jaðarsetningu, 16. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Femínísk fjármál héldu rafrænan fund með fulltrúum stjórnmalaflokka í framboði til Alþingis 2021, þar sem þau voru spurð hvaða aðgerðir flokkar þeirra ætluðu að standa fyrir til að uppræta fjölpætta mismunun og tryggja jafna stöðu fólks óháð kyni, fötlun, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenum, aldri, búsetu og lífsskoðun. Upptaka á fundinum er aðgengileg á Youtube.

Aðgerðir til að jafna kjör, ábyrgð og álag á vinnumarkaði, 21. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Femínísk fjármál héldu rafrænan fund með fulltrúum stjórnmalaflokka í framboði til Alþingis 2021, þar sem þau voru spurð hvaða aðgerðir flokkar þeirra ætluðu að standa fyrir til að jafna kjör, ábyrgð og álag á vinnumarkaði. Upptaka á fundinum er aðgengileg á Youtube.

Femínísk framtíð, 23. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Femínísk fjármál héldu rafrænan fund þar sem femínistar ræddu saman um aðkallandi aðgerðir í jafnréttismálum næstu fjögur árin. Þátt tóku Steinunn Bragadóttir í stjórn Femínískra fjármála, Ólöf Tara Harðardóttir í stjórn Öfga, Sigbrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra samtaka um kvennaathvarf, Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB, Steinunn Bragadóttir í stjórn Femínískra fjármála og Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands. Upptaka á fundinum er aðgengileg á Youtube.

Örugg tjáning í rafheimum og raunheimum, 30. september 2021

Sirry Arnardóttir stjórnendabjálfi, fyrirlesari og rithöfundur hélt stutt, hagnýtt námskeið á Zoom þar sem farið var yfir hagnýt ráð til að tjá sig af öryggi í ræðupúlti, á fundum og í rafheimum. Á fundinum var einnig kynnt samevrópska verkefnið NOW – New Opportunities for Women.

Konur sem kjósa: femínísk söguganga, 24. október 2021

Femínísk söguganga í tilefni af kvennafrídegi. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir leiddu gesti um femínískar söguslóðir í miðborg Reykjavíkur. Gangan var byggð á bókinni *Konur sem kjósa: aldarsaga* sem Erla, Kristín Svava og Ragnheiður skrifuðu ásamt Þorgerði H. Þorvaldsdóttur.

„Organizing for Solidarity: The Feminist Movement in Iceland“ á TALFF, Eistlandi, 5. nóvember 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir talaði um femíníska skipulagningu og mikilvægi femínísku hreyfingarinnar sem breytiafl, á kynjapingi Eistlands, Tallin Feminist Forum – TALFF, sem skipulagt er af Feministarium. Upptaka af fundinum var aðgengileg á Youtube rás Feministarium.

„Women’s Power, in Politics and the Workplace“ á J-Win, Japan, 9. nóvember 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir talaði um íslenskar lausnir í jafnréttismálum, með áherslu á stjórnsmál og vinnumarkað, á árlegri ráðstefnu japönsku samtakanna J-Win.

Consent-Based Rape Legislation in Iceland, 18. nóvember 2021

Kvenréttindafélag Íslands hélt fund í samstarfi með Feministarium í Eistlandi þar sem rætt var um samþykkislöggjöf á Íslandi. Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Hildur Fjóra Antonsdóttir, Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir ávörpuðu fundinn, sem sérstaklega var auglýstur til eistneskra aktívista sem vilja koma á svipaðri löggjöf í sínu landi..

Dagvistun á Íslandi, 25. nóvember 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins hélt erindi á ráðstefnunni *Reimagining Childcare Provision* sem var skipulagt af WorkEqual í Írlandi og spjallaði um dagvistunarmál á Íslandi og framgang kvenna á vinnumarkaði.

Women’s Rights and Gender Equality in Iceland, HIECC, 3. desember 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins ræddi íslenskar lausnir í jafnréttismálum á ráðstefnu sem skipulögð var af HIECC, fyrir sveitarfélagið Hokkaido í Japan.

Femínistar rýna í stjórnarsáttmálann, 4. desember 2021

Opinn fundur þar sem rýnt var í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, haldinn í samstarfi með Femínískum fjármálum, Kvennaathvarfinu og Stígamótum.

Samstöðufundur með konum á flóttu, 4. desember 2021

Tatjana Latinovic hélt erindi á samstöðufundi með konum á flóttu á Austurvelli, en Kvenréttindafélag Íslands var aðstandandi að þeim fundi ásamt: Anti-rasistarnir, Femínistafélag HÍ, No Borders Iceland, Q-félagið, Refugees in Iceland, Réttur barna á flóttu, Slagtog, Solaris, Stelpur rokka, Stígamót, Tabú og Öfgar.

Útgáfa, skýrslur, greinar og yfirlýsingar

Kvenréttindafélag Íslands hefur á árinu 2021 gefið út eitt ársrit, tvær skýrslur, sent frá sér sex ályktanir á tveimur tungumálum (íslensku og ensku), fjórar yfirlýsingar og hafa fulltrúar félagsins skrifað fimm greinar sem birtust í fjölmiðlum.

Ályktun: Treystum skimun fyrir brjóstakrabbameini á Íslandi, 14. janúar 2021

Kvenréttindafélag Íslands ályktaði gegn áformum stjórnvalda að hækka aldur kvenna sem boðaðar eru í reglubundna skimun fyrir brjóstakrabbameini úr 40 í 50 ár og hvatti stjórnvöld til að falla algjörlega frá þeim áætlunum.

Ályktun: Áskorun til íslenskra stjórnvalda að fullgilda samning SP um bann við kjarnorkuvopnum, 22. janúar 2021

Kvenréttindafélag Íslands ásamt fleiri samtökum hvöttu íslensk stjórnvöld til að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum. Einnig skrifuðu undir ályktunina eftirfarandi aðilar: Alda félag um sjálfbærni og lýðræði, Alþýðusamband Íslands, Íslandsdeild Amnesty International, Barnaheill, Biskupsstofa, Hjálparstarf kirkjunnar, Húmanistahreyfingin, Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Landssamtökin Þroskahjálp, Læknafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Náttúruverndarsamtök Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samtök hernaðarandstæðinga, Samtökin 78, Siðmennt, Soka Gakkai International á Íslandi, UNICEF á Íslandi, UN Women á Íslandi og Öryrkjabandalag Íslands.

Ályktun: Kerfisbundið misrétti gegn konum í réttarkerfinu, 8. mars 2021

Aflið, Druslugangan, Femínistafélag Háskóla Íslands, Flóra, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvannahreyfing ÖBÍ, Kvinnaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Rótin, Stígamót, W.O.M.E.N. og UN Women sendu frá sér ályktun til að vekja athygli á kerfisbundnu misrétti gegn konum í réttarkerfinu og leggja fram tillögur til úrbóta.

Ályktun: Samningur dómsmálaráðherra við Jón Steinar Gunnlaugsson. 9. mars 2021

Kvenréttindafélag Íslands og Stígamót sendu frá sér ályktun til að mótmæla ráðningu dómsmálaráðuneytisins á Jóni Steinari Gunnarssyni til að vinna að umbætur á réttarkerfinu.

Ályktun: Ákvörðun Tyrklands að rifta Istanbúlsamningnum. 25. mars 2021

Kvenréttindafélag Íslands fordæmdi ákvörðun Tyrklands að rifta samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, Istanbúlsamningnum svokallaða. Birt á íslensku og á ensku.

Grein: Árás á kvenréttindi í einu landi er árás á kvenréttindi alls staðar. 31. mars 2021

Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélagsins skrifaði grein vegna ákvörðun tyrkneskra stjórnvalda að segja sig frá samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, svokölluðum Istanbúlsamningi, birt á *Vísí.is*.

Ársrit: 19. júní – ársrit Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní 2021

19. júní er með elstu tímaritum Íslands, en fyrsti árgangurinn kom út árið 1951. Í ár er þema blaðsins konur og COVID-19. Í blaðinu er einnig rýnt í alþjóðlega baráttu fyrir kvenréttindum, kynjafræðikennslu í framhaldsskólum, konur og heilsu, félagsstarf ungs fólks og fleira. Viðtöl eru við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Sonju Ýri Þorbergsdóttur og Deryu Özdilek. Að vanda er birt umfjöllun um femínískar bækur sem hafa komið út á árinu og bréf frá Norðurlöndunum.

Skýrsla: Skýrsla vegna allsherjarúttektar SP á stöðu mannréttindamála á Íslandi, 12. júlí 2021

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Barnaheill, Landssamtökin Þroskahjálp og Siðmennt skiluðu í sameiningu viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda vegna allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála á Íslandi.

Grein: Kona jaðarsetningar og forréttinda? 19. júní 2021

Ellen Calmon ritari Kvenréttindafélags Íslands skrifaði grein í tilefni af kvenréttindadeginum um forréttindi og jafnrétti á Íslandi, birt á *Vísí.is*.

Yfirlýsing: 33 konur kjörnar á þing! 26. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í tilefni af því að konur voru kjörnar sem meirihluti Alþingis.

Ályktun: Ályktun Kvenréttindafélags Íslands í kjölfar endurtalningar vegna Alþingiskosninga 2021, 27. september 2021

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér ályktun til að ítreka kröfu sína að Alþingi taki af skarið og setji lög sem skylda stjórnmalaflokka sem bjóða fram til Alþingis og sveitarstjórna að setja sér reglur sem tryggja hlut kvenna á framboðslistum sínum og jöfn kynjahlutföll í oddvitastöðum. Ennfremur að krefjast að Alþingi og ríkisstjórn vinni af heilindum og krafti að jafnréttismálum, að Alþingi geri kynja- og jafnréttisfagi að skyldufagi á öllum skólastigum, og að Alþingi og ríkisstjórn hrindi af stað þjóðarátaki til að uppræta ofbeldi gegn konum, sem og þjóðarátaki til að bæta kjör kvennastétta og uppræta kynbundið kjaramisrétti.

Yfirlýsing: Baráttukveðjur til kvenna í Texas! 2. október 2021

Kvenréttindafélag Íslands sendi baráttukveðjur til kvenna í Texas og Bandaríkjunum. Konur fyrir vestan boða til kvennagöngu í dag, Women's March, til að mótmæla skerðingu á rétti kvenna til þungunarrofs.

Yfirlýsing: Konur vinna ókeypis eftir kl. 15:10, 24. október 2021

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í tilefni af kvennafrídegi.

Grein: Metum störf kvenna til launa! 24. október 2021

Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir skrifuðu grein í tilefni af kvennafrídeginum um kjarajafnrétti, birt á *Vísí.is*.

Skýrsla: Skýrsla vegna úttektar Evrópuráðsins á forvörnum og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi á Íslandi, 24. nóvember 2021

Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót skiluðu í sameiningu viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda um framkvæmd Istanbúlssamningsins, samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, send á GREVIO nefnd Evrópuráðsins.

Grein: Búum til betri heim, 1. desember 2021

Stefanía Sigurðardóttir stjórnarkona Kvenréttindafélags Íslands skrifaði grein um mannréttindi og konur á flóttu, í tilefni af 16 daga átakinu, birt í *Fréttablaðinu*.

Grein: Öryggi fyrir allar konur! 4. desember 2021

Tatjana Latinovic hélt erindi á samstöðufundi með konum á flóttu, sem var svo birt á vefsíðu félagsins.

Ávarp á fundi Sameinuðu þjóðanna um mannréttindamál UPR, 7. desember 2021

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra ávarpaði UPR fund sem hefur eftirlit með stöðu mannréttinda á Íslandi, þar sem hún lagði sérstaka áherslu á ofbeldismál, kynja- og jafnréttisfræðikennslu á öllum skólastigum, fjármögnun almannaheillasamtaka og móttöku flóttakvenna í viðkvæmri stöðu hér á landi. Ávarp hennar er aðgengilegt á Youtube.

Samstarf við stjórnvöld og erlendar eftirlitsstofnanir

Á tímabilinu var Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir skipuð sem áheyrnarfulltrúi í stýrihópi aðgerðabandalags Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og fylgdist með fundum, ásamt því að eiga í samráði við utanríkisráðuneytið að vinna að skýrslu um niðurstöður aðgerðabandalagsins ásamt Judy Gitau.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundaði með Reykjavík Dialogue Advisory Group og tók að sér að skrifa ágríp af þeim Kynslóð jafnréttis verkefni Sameinuðu þjóðanna á vormánuðum 2021. Brynhildur var stjórnvöldum einnig innan handar við skipulagningu alþjóðlegu ráðstefnunnar Reykjavík Dialogue, þ.á.m. við að veita skipuleggjendum aðgang að innlend og erlendu tengslaneti sínu.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundaði á tímabilinu með með stjórnvöldum í tveimur skipulagshópum, skipulagshóps Jafnréttisþings, og skipulagshóps fyrir verkefnið „Fleiri konur í sveitarstjórnir“. Brynhildur starfaði að undirbúningi herferðarinnar #JÁTAK sem er í umsjón Jafnréttisstofu og fór í loftið í janúar 2022, sem hvetur til aukinnar fjölbreytni í sveitarstjórnunum.

17. mars fundaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með fulltrúum stjórnvalda til að ræða möguleg markmið stjórnvalda vegna aðgerðabandalags gegn kynbundnu ofbeldi sem haldið er á vettvangi merkjum Kynslóð jafnréttis hjá Sameinuðu þjóðunum.

30. mars sendi Kvenréttindafélag Íslands bréf til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra þar sem íslensk stjórnvöld eru hvött til að grípa til aðgerða í kjölfar ákvörðunar Tyrklands að segja sig frá Istanbúlsamningnum svokallaða, samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi.

17. maí funduðu Tatjana Latinovic og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með Alexey Gromov og Martina Barker-Ciganikova frá Mannréttindastofnun ÖSE (ODIHR) til að ræða um kvenréttindi, stöðu kvenna í stjórnárum og framkvæmd Alþingiskosninga á Íslandi 2021.

26. apríl sótti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir tvo samráðsfundi með stýrihóp forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um þátttöku íslenskra stjórnvalda í átaksverkefni UN Women Kynslóð jafnréttis.

14. júní funduðu Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélagsins og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með Steinunni Valdísi skrifstofustjóra jafnréttismála í forsætisráðuneytinu, um samstarfssamning milli félagsins og stjórnvalda.

11. júní sótti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fund Jafnréttisráðs – samráðsvettvangs stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka um jafnrétti.

30. júní fór Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir í viðtal í utanríkisráðuneytinu, þar sem hún sagði frá reynslu Kvenréttindafélagsins af samstarfi á vegum EEA/Norway grants. Viðtalið var tekið upp og verður nýtt til að gera myndband um Uppbyggingarsjóð EES.

10. september sótti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir samráðsfund um drög að níundu skýrslu Íslands um framkvæmd Kvennasamnings Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið sendi Brynhildur óformlega umsögn og athugasemdir við skýrslu stjórnvalda.

4. nóvember funduðu Tatjana Latinovic og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með jafnréttisnefnd ESB, sem heimsótti félagið á Hallveigarstaði.

9. desember mættu Tatjana Latinovic formaður, Ellen Calmon ritari og Rut Einarsdóttir stjórnarkona á vinnufund með UNHCR, Útlendingastofnun, Rauða Krossinum og fleiri félagasamtökum og áttu fund í kjölfarið með fulltrúa UNHCR til að ræða stöðu mannréttindamála á Íslandi.

14. desember sótti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fund forsætisráðuneytisins með frjálsum félagasamtökum, þar sem til umræðu var fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna 2022.

Kvenréttindafélagið sendi árið 2021 frá sér 13 umsagnir um frumvörp og opinber skjöl:

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Þingskjal 416, 342. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð sakamála – réttarstaða brotþola, fatlaðra og aðstandenda. Þingskjal 1197, 718. mál, 151. löggjafarþing
- Tillögur og ábendingar um atriði sem leggja skal áherslu á við gerð skýrslu Íslands um alþjóðasamning um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Forsætisráðuneytið, mál nr. 78/2021.
- Umsögn um drög að reglugerð um Jafnréttisráð – samráðsvettvang um jafnrétti kynja. Forsætisráðuneytið, mál nr. 95/2021
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðra og aðstandenda). Þingskjal 1197, 718. mál, 151. löggjafarþing
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kynjavakt Alþingis. Þingskjal 949, 564. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.). Þingskjal 1189, 710. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.). Þingskjal 1113, 646. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um mótun skuldbindinga íslenskra stjórnvalda í tengslum við þátttöku í átaksverkefni UN Women, Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum). Utanríkisráðuneytið, mál nr. 101/2021.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). Þingskjal 1117, 650. mál, 151. löggjafarþing.
- Athugasemd við drög að nefndaráliti og breytingartillögum stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vegna frumvarps til kosningalaga, Þingskjal 401, 339. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, ágúst 2021.
- Umsögn um *Verðmætamat kvennastarfa*, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa. Forsætisráðuneytið, mál nr. 173/2021.

Samstarf við mannréttindasamtök og femínísku hreyfinguna á innlendum vettvangi

Kvenréttindafélagið hefur unnið vel með innlendum mannréttindasamtökum á árinu 2021, þótt aflýsa þurfi Kynjapingi 2021 vegna COVID-19.

Helga Baldvins Bjargardóttir sat í fulltrúaráði Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir hönd Kvenréttindafélagsins og var kjörin í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar á aðalfundi skrifstofunnar 2020. Á aðalfundi Kvenréttindafélagsins 30. apríl voru Rut Einarsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttir kjörnar nýir fulltrúar félagsins í fulltrúaráð Mannréttindaskrifstofu, og gegnir Rut starfi varaformanns stjórnar Mannréttindaskrifstofu.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundaði þétt á tímabilinu með fulltrúum frá Samtökunum '78 og Trans Ísland til að halda þeim upplýstum um stöðu mála innan European Women's Lobby, en þar á sér erfið umræða um stefnu samtakanna um kynvitund.

Kvenréttindafélagið átti í góðum og stöðugum samskiptum við samtök á Íslandi sem vinna að kynjajafnrétti. Fulltrúi félagsins tók þátt í blaðamannafundi Stígamóta 8. mars til að kynna sameiginlega ályktun og tillögur til aðgerða í ofbeldismálum.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir tók þátt í fundi Reykjavík Forum um aðgerðir til að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en niðurstöður þess fundar verða kynntar á næstu ráðstefnu haustið 2021.

Kvenréttindafélagið átti í góðu samstarfi við fulltrúa innan félög launafólks og átti í virkum samskiptum, þá sérstaklega við skipulagningu fundar á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Kvenréttindafélagið hefur umsjón með vefsíðunni betrafæðingarorlof.is sem gerð var með stuðningi samtaka launafólks.

Kvenréttindafélagið hélt baráttufund 8. mars með Aflinu, Druslugöngunni, Femínistafélagi Háskóla Íslands, Flóru, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvennaathvarfinu, Kvinnahreyfingu ÖBÍ, Kvinnaráðgjöfinni, Rótinni, Stígamótum, W.O.M.E.N. og UN Women og sendi ásamt félögunum frá sér eina ályktun og tvær umsagnir.

Aðalfundur Kvenréttindafélagsins samþykkti aðildarumsókn Trans Íslands að Kvenréttindafélagi Íslands 30. apríl 2021. Trans Ísland bætist í hóp annarra aðildarfélaga Kvenréttindafélags Íslands, Druslubækur og doðrantar, Femínísk fjármál, Fjöruverðlaunin, Rótin, Samtök um Kvennaathvarf og W.O.M.E.N. in Iceland, kvenréttindafélög og önnur almannaeillafélög sem vinna að sambærilegum stefnumálum og Kvenréttindafélag Íslands.

1. júní tók Birna Stefánsdóttir til starfa sem starfsnemi á skrifstofu Kvenréttindafélags Íslands, þar sem hún mun vinna samtímarannsókn um kynjaða orðræðu í kosningabaráttu til Alþingis 2021. Sú rannsókn var studd af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Kvenréttindafélagið ásamt UN Women á Íslandi, Ungum athafnakonum, Landssambandi ungmennafélaga og Stígamótum skipulagði viðburð til að halda upp á Kynslóð jafnréttis verkefni Sameinuðu þjóðanna 1. júlí.

Kvenréttindafélag Íslands ásamt Samtökum um kvennaathvarf og Femínískum fjármálum skipulögðu fjóra kosningafundi í aðdraganda alþingiskosninga 2021 og settu upp sérstaka kosningasiðu þar sem hægt er að sjá upptöku af fundunum sem og skrifleg svör flokkana um stefnu og aðgerðir vegna kynbundins ofbeldi, fjölþættrar mismununar og kynbundins kjaramisréttis:

<http://kvenrettindafelag.is/femx21>. Félögin fjögur skipulögðu svo opinn fund í kjölfar kosninga og ríkisstjórnarviðræðna þar sem rýnt var í ríkisstjórnarsáttmála Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Vinstri-hreyfingarinnar – græns framboðs.

Kvenréttindafélagið vinnur að gerð vefsíðu um transfemínisma, og fundaði á tímabilinu með Uglu Stefaníu Kristjónu- og Jónsdóttur formanni Trans Íslands, um efnistösk.

Samstarf við femínískar hreyfingar erlendis

Kvenréttindafélagið átti í góðu samstarfi við erlend félagasamtök um jafnréttismál á árinu 2021.

International Alliance of Women

Kvenréttindafélagið hefur átt aðild að International Alliance of Women (IAW), Alþjóðasambandi kvenréttindafélaga, síðan 1907. Fulltrúar Kvenréttindafélagsins áttu ekki kost á að funda með IAW á tímabilinu. Ljóst er að aðkoma félagsins að þessum alþjóðlegum samtökum verður lítil í fyrirsjáanlegri framtíð þar sem ekki hefur tekist að fjármagna þátttöku okkar í þessu samstarfi.

European Women's Lobby

Kvenréttindafélaginu er aðili að European Women's Lobby (EWL), hagsmunasamtökum evrópskra kvenna. EWL eru stærstu regnhlífarsamtök kvannahreyfingarinnar í Evrópu. Kvennasamtök í 31 landi eiga aðild að samtökunum, sem og 19 samtök sem starfa á evrópskum vettvangi. Kvenréttindafélagið er eina íslenska aðildarfélag í þessum samtökum, skipar fulltrúa í stjórn samtakanna og þjónar sem tengiliður femínísku hreyfingarinnar á Íslandi við samtökin. Ellen Calmon er aðalfulltrúi Íslands í stjórn samtakanna og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir er henni til vara.

Mikil átök hafa geisað innan EWL síðustu misseri vegna skiptra skoðana um stöðu trans kvenna í evrópsku kvannahreyfingunni.

Sjö stjórnarfundir hafa verið haldnir hjá EWL á tímabilinu, 18. febrúar, 27.– 28. febrúar, 24. mars, 24. apríl, 4. júní, 7. júní, 30. september. Þetta er vægast sagt óvenjuleg staða, en í venjulegu árferði fundar stjórn EWL aðeins tvisvar á ári. Allir þessir fundir spretta upp úr illvígum ádeilum innan samtakanna um viðurkenningu á kynvitund og stöðu trans kvenna innan kvannahreyfingarinnar. Þessar ádeilur hafa valdið alvarlegum klofningi innan samtakanna og mikilli vanlíðan starfsfólks EWL sem hafa sent formleg bréf til stjórnar samtakanna sem lýsa áreitni og mismunun á vinnustað. Telja fulltrúar Íslands ekki ólíklegt að þessar deilur gætu valdið varanlegum skaða á starfsemi samtakanna og jafnvel leitt til þess að samtökin liði undir lok.

Hafa fulltrúar Íslands tekið sér leiðtogastöðu í að spyrna gegn hvers kyns hugmyndum að útiloka trans konur úr kvannahreyfingunni, í góðu samstarfi við aðildarfélag sitt Trans Ísland. Fulltrúar félagsins á þessu ári fundað vikulega með fulltrúum annarra félaga innan EWL sem hafa áhyggjur af stöðu mála. Einnig hafa fulltrúað fundað óformlega með starfsfólki skrifstofunnar til að veita þeim stuðning.

Aðalfundur EWL var haldinn 5.–6. júní 2021. Þar var meðal annars til umræðu ályktun sem getur hafa útilokandi áhrif á stefnu EWL í málefnum trans fólks. Kvenréttindafélag Íslands skilaði inn breytingartillögu á þeirri ályktun sem var hafnað af þeim sem lagði hana fram. Fulltrúi talaði svo gegn ályktuninni á aðalfundi og hvatti önnur samtök að kjósa gegn henni, án árangurs.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands sendi stjórn European Women's Lobby undirritað bréf 17. maí 2021 þar sem hún lýsti yfir þungum áhyggjum yfir frásögnum starfsfólks skrifstofu EWL af mismunun og áreitni. Lýsti Kvenréttindafélag Íslands því yfir að fulltrúar félagsins innan samtakanna myndu ávallt tala fyrir velferð starfsfólks, sem tala fyrir kvenréttindum, femínískri fjölbreytni og góðum stjórnarháttum.

16. desember hélt European Women's Lobby rafrænan fund með lagaprófessorum Teresa Freixes sem hafði verið fengin til að skrifa lögfræðilegt álit hvort að trans réttindi skerði kvenréttindi. Hennar álit var að svo væri ekki, eins og fulltrúar Íslands höfðu ávallt haldið fram. Hefur Ísland þó áhyggjur að þetta eigi ekki eftir að koma í veg fyrir frekari ágreining milli stríðandi fylkinga.

EWL er einn af leiðtogum aðgerðabandalags Sameinuðu þjóðanna um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sem stofnað var sem hluti af átakinu Generation Equality, en þar eru íslensk stjórnvöld einnig í leiðtogastöðu. Kvenréttindafélag Íslands fundað með fulltrúum EWL í aðgerðabandalaginu til að ræða um aðkomu og stefnu samtakanna í þessu samstarfi.

Á vegum EWL starfa ýmsir starfshópar. Hildur Fjóra Antonsdóttir er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í starfshópi um ofbeldi, EWL Observatory to End Violence Against Women. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í starfshópi um kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi og kynferðislegri misbeitingu, EWL Task Force on SRHR and Sexual Exploitation, en tilnefningu hennar hefur verið mótmælt af konum sem eru ósammála skoðunum hennar á kyni og kynvitund.

Norrænt samstarf

Kvenréttindafélagið hefur átt í góðum samskiptum við þau norrænu félög sem eru einnig aðildarfélög að European Women's Lobby, Nytkis í Finnlandi, Kvinderådet í Danmörku og Sveriges Kvinnolobby í Svíþjóð. Sérstaklega hafa samskiptin verið góð milli Kvinderådets og NYTKIS, og má nefna að í Finnlandi er unnið að því að fjármagna málþing þar sem fulltrúar femínísku hreyfingarinnar á Norðurlöndum geta hist og rætt málin.

Kvenréttindafélagið átti á tímabilinu í viðræðum við Kvinderådet í Danmörku, Damudomi í Færeyjum og 8. mars gruppen í Grænlandi. Félögin hafa þrisvar sótt um styrk til jafnréttissjóðs Norrænu ráðherranefndarinnar um að stofna vest-norrænt tengslanet femínista og vefsíðu um kvenréttindi og jafnrétti kynjanna á vest-norræna málsvæðinu og þrisvar verið neitað. Höfum við þó áhuga á að þróa það verkefni áfram og sækja um styrk til verkefnisins, þegar heimsfaraldri COVID-19 er aflétt.

Annað erlent samstarf

Kvenréttindafélagið lauk á tímabilinu áfram samstarfi með sjö evrópsk samtök að verkefni til að stuðla að valdeflingu kvenna af erlendum uppruna. NOW – New Opportunities for Women er alþjóðlegt tengslanet kvenna, styrkt af Erasmus. Skipuleggjendur eru, ásamt Kvenréttindafélaginu, Evolve Global Solutions Ltd í Bretlandi, CSI Center for Social Innovation í Kýpur, Future in Perspective á Írlandi, IASIS í

Grikklandi, ITG Conseil í Frakklandi, Instituto para el Fomento del Desarrollo y la Formación á Spáni og Mindshift Talent Advisory Ida í Portugal. Vefsíða verkefnisins er www.nowmooc.eu. Á tímabilinu hélt Fríða Rós Valdimarsdóttir námskeið fyrir konur af erlendum uppruna um valdeflingu og tengslamyndun. Þetta verkefni hefur komið á auknu samstarfi félagsins við hin samtökin, til að mynda tók félagið á móti fulltrúum grísku samtakanna IASIS í heimsókn til Íslands í september 2021, þar sem þau fræddust um starf á sviði geðheilsu, og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi á rafrænni ráðstefnu um kynjajafnrétti sem Evolve Global Solutions í Bretlandi hélt 19. júní 2021.

Kvenréttindafélagið stóð að fimm rafrænum fræðslufundum um jafnréttismál, í samstarfsverkefni sínu með króatísku samtökunum CESI. Verkefnið bar heitið *Workingwoman – Gender Equality in the Labor Market* og var styrkt af Active Citizen Fund í Króatíu. Fræðslufundirnir voru haldnir á Zoom og hlaðið upp á Youtube til að geta nýst samtökunum til fræðslu í framtíðinni.

Kvenréttindafélagið tók þátt í umsókn til jafnréttissjóðs Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf á norrænum og baltneskum vettvangi ásamt eistnesku samtökunum Feministeerium, um samstarf við að halda Tallin Feminist Forum 2021. Var það verkefni styrkt og stóð Kvenréttindafélagið fyrir pallborði á eistneska kynjaþinginu í nóvember 2021. Einnig skipulagði félagið lokaðan fund fyrir eistneska aktívista um samþykkisfrumvarpið á Íslandi.

Fulltrúar félagsins tóku á móti Edite Kalnina frá Women's NGOs Cooperation Network of Latvia á skrifstofu sinni, en þessi samtök eru systursamtök okkar úr EWL.

Kvenréttindafélagið fundaði á tímabilinu með pólsku samtökunum Dziewuchy Dziewuchom Lodzkie, en fulltrúar samtakanna heimsóttu Ísland haustið 2021 til að læra af reynslu Íslands í baráttunni við kynbundið ofbeldi.

Kvenréttindafélagið fundaði á tímabilinu með Kongres Kobiet – pólska kynjaþinginu, en saman vinnum við að verkefni sem ber yfirheitið „Tackling Discrimination Against Women in the Labour Market“ og styrkt er af EEA/Norway Grants.

Á tímabilinu átti Kvenréttindafélagið í samstarfi með írsku samtökunum #WorkEqual, en samtökin hafa mikinn hug á að efla samstarf milli Íslands og Írlands um kvenréttindi og stöðu kvenna á vinnumarkaði, þar sem lögð verður áhersla á aðkomu áhrifafólks í íslenskum og írskum stjórnámálum og vinnumarkaði.

Kvenréttindafélagið fundaði á tímabilinu með J-Win, Japan Women's Innovative Network, um fræðslu um stöðu kvenna á íslenskum vinnumarkaði.

Á tímabilinu átti Kvenréttindafélagið annan samráðsfund sinn með Frauennetz Liechtenstein, kvenréttindasamtökum í Liechtenstein, til að ræða betur jafnrétti á sviði smárikja, jafnréttissamstarf innan EFTA og mögulegt samstarf innan European Women's Lobby. Mikill hugur er í báðum samtökunum að halda áfram samstarfi og samráði til framtíðar.

Kvenréttindafélagið svaraði í gegnum tölvupóst fyrirspurnum frá erlendum félagsamtökum og aðilum, þ.á.m. um jafnlaunastaðalinn, og veitti upplýsingar þar af lútandi.

Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi

Kvenréttindafélag Íslands átti í miklum samskiptum við erlenda og innlenda fjölmiðla og aðra aðila á árinu 2021.

Fulltrúar félagsins svöruðu ýmsum fyrirspurnum erlendis frá, frá ýmsum aðilum, s.s. stjórnmalafólki, embættisfólki, fræðafólki, nemendum og einkaaðilum. Þó snarfækkaði heimsóknum og fyrirspurnum á tímabilinu, í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19.

Meginþorri fyrirspurna kom frá fjölmiðlum. Fulltrúar félagsins fóru í einstaka fjölmiðlaviðtal um ýmis málefni.

Fulltrúar félagsins fóru í sjónvarpsviðtal hjá eftirfarandi sjónvarpsstöðum: Sjónvarpsfréttum RÚV, *Kastljós* hjá RÚV, *Tokyo Broadcasting System (TBS)* í Japan, Ríkissjónvarp Suður-Kóreu og Amnesty International í Suður-Kóreu.

Fulltrúar félagsins fóru í útvarpsviðtöl hjá eftirfarandi útvarpsstöðvum og hlaðvörpum: *Morgunútvarpið* á Rás 2, *Sprengisand* á Bylgjunni, *Ligestilling nu* í Danmörku, *RTÉ* og *The Lennon Courtney Podcast* á Írlandi og *AP France* fréttaveitu í Frakklandi.

Fulltrúar félagsins fóru í viðtöl hjá eftirfarandi prentmiðlum og vefmiðlum: *Fréttablaðið*, *USIO* og *Hoppoken* í Japan, *L'Apostrophe* í Kanada, *IQ* í Litháen, *Teen Vogue* í Bandaríkjunum, *Pearsons* á Ítalíu.

Margfeldnisáhrif þessara samskipta Kvenréttindafélagsins við fjölmiðla eru ómæld, en viðtöl sem birtast við fulltrúa félagsins á erlendum vettvangi eru oft tekin upp í umfjöllun annarra fjölmiðla sem ekki hafa haft beint samband við félagið, og eru á sama tíma gjarnan varanleg heimild um jafnréttismál á Íslandi á þeirri tungu sem viðtalið birtist á.

Ótalin er hér aðstoð sem veitt var erlendum fjölmiðlum við að skipuleggja heimsóknir til Íslands, og aðstoð sem þeim var veitt í gegnum tölvupóst, s.s. að finna fyrir þá tölulegar og sögulegar upplýsingar um stöðu íslenskra jafnréttismála og koma þeim í samband við viðmælendur á Íslandi. Margfeldnisáhrif þessara samskipta Kvenréttindafélagsins við fjölmiðla eru ómæld, en viðtöl sem birtust við fulltrúa félagsins á erlendum vettvangi voru oft tekin upp í umfjöllun annarra fjölmiðla sem ekki höfðu beint samband við félagið.

Stafræn jafnréttisbarátta

Á árinu 2021 hefur Kvenréttindafélagið fíkrað sig áfram í stafrænni jafnréttisbaráttu.

19. júní kom út ljósmynd í tilefni af kvenréttindadeginum undir yfirskriftinni *Vér mótmælum öll, þar sem líkt var eftir málverki Gunnlaugs Blöndal að þjóðfundinum 1851*. Málverkið var endurgert í ljósmyndaformi og á verkinu voru konur og karlar úr fjölbreyttum áttum. Myndin var styrkt af Brandenburg auglýsingastofu og prentuð í Fréttablaðinu og dreift á samfélagsmiðlum. Með myndinni birti félagið eftirfarandi yfirlýsingu: *19. júní 1915 unnu konur á Íslandi kosningarétt. Enn vinnum við að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins. Við náum aldrei kynjajafnrétti hér á landi ef konur taka ekki fullan og jafnan þátt í allri ákvarðanatöku. Jafnrétti verður aldrei náð ef það er ekki fyrir okkur öll og kvenfrelsi náum við aðeins í sameiningu.* #19júní #kvenréttindi #kvenfrelsi #jafnrétti #jöfnkjör

24. október tók Kvenréttindafélagið þátt í rafrænni herferð, *Leiðréttum kjör kvenna*, í tilefni af kvennafrídegi. Rafræna myndin var birt á samfélagsmiðlum Kvenréttindafélagsins, sem og heildarsamtaka launafólks og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Heimasíða Kvenréttindafélagsins er vistuð undir léninu kvenrettindafelag.is en lénið krfi.is vísar á ensku útgáfu vefsíðunnar. Síðan er hönnuð af Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur, myndskreytt af Þóreyju Mjallhvíti og hýst hjá 1984. Vefsíðan fór í miklar endurbætur á árinu og var Þórey Mjallhvít fengin til að teikna fjölmargar myndir til að myndskreyta forsiðu og innsíður vefsvæðisins.

Nokkrar undirsíður eru vistaðar á síðunni, mmk.kvenrettindafelag.is sem varðveitir upplýsingar um Menningar- og minningarsjóð kvenna, nam.kvenrettindafelag.is sem hýsir námsefni fyrir framhaldsskólanema í kynjafræði og grunnskoli.kvenrettindafelag.is sem hýsir verkefni ætluð til kennslu í kynjafræði á grunnskólastigi. Kvenréttindafélagið heldur úti vefgátt þar sem erlendir gestir og blaðamenn geta nálgast upplýsingar um stöðu kvenna á Íslandi og jafnrétti kynjanna: kvenrettindafelag.is/useful-resources.

Félagið heldur einnig utan um lénin kynjathing.is, kvennafri.is, betrafæðingarorlof.is og varðveitir veffangið feministinn.is og konur.is sem vísa ekki til neinnar síðna. Félagið heldur úti myndbandasíðu á YouTube, <https://www.youtube.com/channel/UCec1QjUt04ON8qcbtEHTjWw>.

Kvenréttindafélagið tryggði sér á árinu veffangið transfeminism.is og vinnur nú að gerð vefsíðu um trans réttindi og kvenréttindi á ensku.

Kvenréttindafélag Íslands er virkt á samfélagsmiðlum. Á Facebook hefur félagið 6.363 vini og 6.450 fylgjendur; 976 fylgja félaginu á Twitter; og 861 fylgja félaginu á Instagram.

Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands

Heiðursfélagar eru Vigdís Finnbogadóttir, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Björg Einarsdóttir.

Kvenréttindafélög og önnur félög sem vinna að sambærilegum stefnumálum geta orðið aðildarfélög í Kvenréttindafélagi Íslands. Aðildarfélög Kvenréttindafélags Íslands eru sjö, Druslubækur og doðrantar, Femínísk fjármál, Félag um Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, Róttin og Samtök um Kvennaathvarf, Trans Ísland og W.O.M.E.N. in Iceland –Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.

Gerður var skurkur í að hreinsa úr félagatali Kvenréttindafélagsins á árinu, að taka af félagaskrá þau sem ekki hafa greitt félagsgjöldin í tvö ár eða lengur. Í árslok 2021 voru félagar 729. Félögum hefur þó fjölgað jafnt og þétt síðustu árin. Í árslok 2014 voru félagar 448. Í árslok 2015 voru félagar 540. Í árslok 2016 voru félagar 572. Í árslok 2017 voru félagar 640. Í árslok 2018 voru félagar 663, í árslok 2019 voru félagar 760 og í árslok 2020 voru félagar 801.

